

## Fundur Öldungadeildar Læknafélags Íslands 7. mars 2018 haldinn í húsi Læknafélagsins að Hlíðarsmára 8, Kópavogi.

- Formaður, Kristófer Þorleifsson setti fund stundvíslega kl. 16:00 eftir að fundargestir höfðu gætt sér á kaffi og sætabrauði. Hann vakti athygli á breytingum sem fram hafa farið á salnum sem hefur verið stækkaður á lengdina, en þó hægt að deila honum í tvennt með rennihurðum ef svo ber undir. Nýtt hljóðkerfi er í salnum sem á að vera til bóta.
- Enginn félagi okkar hefur látist frá síðasta fundi.
- Reynir Arngrímsson form. L. Í. kvaddi sér hljóðs og upplýsti að læknar þyrftu að kjósa fulltrúa í stjórn Almenna lífeyrissjóðsins, sem læknar eiga aðild að. Arna Guðmundsdóttir gefur kost á sér. Óskaði hann eftir stuðningi við þetta framboð.
- Form. kynnti ferðaáætlun sumarferðar ÖLÍ dagana 21. og 22. ágúst um Dali vestur undir leiðsögn Svavars Gestssonar fv. alþingismanns og ráðherra. Fjörutíu gistiþláss hafa verið tekin frá að Laugum í Sælingsdal. Rúta fyrir þennan hóp hefur verið tryggð. Nánari upplýsingar hafa þegar verið birtar á vef L. Í. og í Læknablaðinu.
- Þá nefndi form. hugmynd um handverks- og myndlistarsýningu ÖLÍ, sem enn hefur þó ekki verið endanlega ákveðin eða tímasett.

Form. kynnti síðan fyrirlesara dagsins, Þórð Sverrisson augnlækni, sem nú leggur stund á latínu og klassísk fræði



við H. Í. Fyrirlestur sinn nefndi hann „Síðbronsöld fyrir botni Miðjarðarhafs“. Sagði hann þetta tímabil mjög dramamtískan tíma. Nafnið vísar til þess að mönnum tókst að blanda kopar (90%) við blý (10%) sem kallað er brons og hentaði vel til vopnasmíða. Risu þar af leiðandi upp stórveldi þess tíma fyrir botni Miðjarðarhafs, sem stýrt var af konungum. Voru þau allmörg, misöflug og lifðu mislengi. Ritmál var til í þessum herveldum sem hafa varðveist í leirsteini, þökk sé því að leirinn með leturtáknunum hertist þegar borgir voru brenndar í hernaði þess tíma. Ritun varð til í upphafi vegna þess að halda þurfti bókhald í viðskiptum. Varðveist hafa steintöflur margra þessara þjóða sem tekist hefur að ráða. Svo kallaðar fleygrúnir voru notaðar all til þess að gríska stafrófið tók við. Kóngar seildust til áhrifa í öðrum ríkjum gegnum mægðir, seldu dætur sínar, líkt og íslenskir höfðingjar gerðu fyrrum. Ríkin voru þannig límd saman með kvonfangi. Konungarnir skrifuðust á og ávörpuðu þá hver annan „bróðir“. Egypska menningin stóð lengst þessara menningarsvæða, var lang ríkasta svæðið og fjölmennast, áætlað um 5 milljónir á þessum tíma. Fræg varð orrusta við Kadesh þar sem Ramses II



tefldi fram 20.000 manna liði gegn Hittítum.

Hittítar

Hrun síðbronsaldar er talið hafa orðið um árið 1200 f. Kr. Grikkir tóku yfir gömlu Krítarmeninguna. Þá höfðu þessar fornfræ þjóðir glatað leskunnáttu sinni. Hvað gerðist vita menn ekki. Tilgáta er um að þjóðirnar á eyjum Miðjarðarhafs hafi sameinast gegn þjóðum á meginlandinu. Önnur er sú að loftslagsbreytingu hafi verið um að kenna. Spurning úr sal kom fram hvort það gæti hafa tengst miklu Heklugosi um 2000 árum f. Kr. sem merkt er H4 í eldgosafræðum. Það gæti samrýmt tíma! Gríska menningin rís síðan úr öskunni. Fyrirlesari lauk fyrirlestrinum með eftirfarandi setningu: „Sagan kennir okkur að við lærum ekkert af sögunni“ !

Fyrirlesara var klappað lof í lófa fyrir yfirgripsmikinn, vel fluttan og stórfróðlegan fyrirlestur. Honum var síðan afhent viðurkenningarskjal Öldungadeildarinnar og bókgjöf í þakklætisskyni.

- Næsti fundur Öldungadeildar er boðaður miðvikudaginn 4. apríl á sama stað og tíma. Mun Jóhann Heiðar Jóhannsson læknir tala um íðorðavinnu í læknisfræði sem hann hefur helgað sig vel og lengi meðfram sínu læknisstarfi.

Jóhannes M. Gunnarsson, ritari Öldungadeildar L.Í.